



SAMKEPPNISEFTIRLITID

Föstudagur, 10. febrúar 2017

Ákvörðun nr. 7/2017

Kaup Skinneyjar-Þinganes hf. og Nesfisks ehf. á öllu hlutafé í Háteigi Fiskverkun ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 6. febrúar 2017 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum Skinneyjar-Þinganes hf. (Skinney-Þinganes) og Nesfisks ehf. (Nesfiskur) á 100% hlutafjár í Háteigi fiskverkun ehf. (Háteigur). Skinney-Þinganes og Nesfiskur eru sjálfstæð fyrirtæki sem stunda bæði útgerð og fiskvinnslu og kaupa Háteig að jöfnum hlut. Háteigur stundar skreiðarverkun í eigin fiskþurrkunarhúsi og selur fiskhausa aðallega á Nígeríumarkað. Þar sem Háteigur er ekki útgerðarfélag þá kaupir það allt hráefni frá þriðja aðila, bæði frá útgerðar- og fiskvinnsluaðilum. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í kaupsamningum eru gerðir fyrirvarar um að fyrir liggja samþykki Samkeppniseftirlitsins um kaupin til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Skinney-Þinganes geri út tvö uppsjávarveiðiskip, eitt togveiðiskip og þrjú fjölveiðiskip sem geti verði á netum, snurvoð og trolli. Þá eigi félagið einn bát í krókaafلامarsskerfinu í gegnum dótturfélag sitt, Útgerðarfélagið Vigur ehf. Félagið á og rekur á Hornafirði bæði frystihús og fiskvinnslu og einnig fiskimjölsmiðju, sem einkunn taki við afskurði frá vinnslulínunum og umframafla uppsjávarfiska, þegar svo beri undir. Þá hafi félagið keypt allt hlutafé í Auðbjörgu ehf. í Þorlákshöfn í upphafi árs 2016 og reki þar nú fiskverkun og útgerð eins báts undir nafninu SP Þorlákshöfn ehf. Það félag á einnig tvo eldri báta sem séu án verðiheimilda og hafi verið lagt og séu á söluskrá. Hluthafar séu nú rétttæplega 150 talsins og starfsmenn um 320 en þar af séu rúmlega 100 sjómenn á átta skipum/krókaflabát. Skinney-



Þinganes hafi sumpart sett fiskúrgang/afskurð í fiskimjölsverksmiðju sína og selt fiskhousa til þiðja aðila en hafi einnig staðið frami fyrir því að verða að urða hluta þessa hráefnis. Meginstarfsemi félagsins sé á Hornafirði og þar hafi ekki tekist að finna jarðhita í þeim mæli að dugi til að koma upp fiskþurrkun með þeim hætti. Þegar farið var að skoða hvernig haga mætti þessum þætti rekstrarins til frambúðar hafi Skinney-Þinganes ákveðið að kanna hvort verksmiðja Háteigs á Reykjanestá væri föl. Svo fór að Nesfiskur sýndi einnig áhuga á þessum kaupum og svo fór að félögin ákváðu að kaupa félagið í sameiningu. Með því væri hægt að tryggja verksmiðju Háteigs stöðugt hráefni sem í venjulegu árferði væri nálægt hámarksafkastagetu verksmiðjunnar. Auk þess sem þekking hjá Nesfiski á vinnsluferlum og mörkuðum sé til staðar. Til stendur hjá samrunaðilum að Háteigur verði áfram rekið sem sjálfstætt fyrirtæki sem hlutdeildarfélag Nesfisks og Skinneyjar-Þinganes að jöfnu.

Fram kemur að Nesfiskur sé fjölskyldufyrirtæki stofnað árið 1986 sem útgerðar- og fiskverkunarfyrirtæki. Hluthafar séu nú fimm með misstóra eignarhluta. Félagið geri út einn frystitogara, tvo ísfisktogara, fjóra dragnótarbáta og tvo línubáta. Félagið eigi og reki frystihús, saltfiskverkun og fiskþurrkunarverksmiðju í Garði á Suðurnesjum og sé með frystingu og ferskfiskvinnslu í Sandgerði. Þá segir að Nesfiskur hafi nýlega gert kaupsamning um allt hlutafé í Ný-Fiski ehf. (Ný-Fiskur) í Sandgerði með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem ekki höfðu raungerst á þeim tíma er samrunatilkynning sem hér er til umfjöllunar var gerð. Tekið er fram að Ný-Fiskur eigi allt hlutafé í Útgerðarfélagi Sandgerðis ehf. sem geri út einn krókaflamarksbát. Þá sé Nesfiskur með fiskþurrkun í vinnsluhúsum sínum í Garði en þau hús séu í jaðri íbúðabyggðar. Það sé talið óásættanleg fyrir íbúa til frambúðar vegna lyktarmengunnar. Fram kemur að vinnsluleyfi fiskþurrkunar Nesfisks renni út síðar á þessu ári.

Um Háteig segir að félagið hafi verið stofnað árið 1993 og hafi vinnslan þá í upphafi snúist um þurrkun á saltfiski og skreið. Á árinu 1998 hafi þurrkun á saltfiski verið hætt og síðan þá hafi félagið einbeitt sér að skreiðarverkun fyrir Nígeríumarkað. Fram til ársins 2011 hafi starfsemi félagsins farið að mestu fram í Garði en eftir að félagið eignaðist Saltco ehf. 2010 var ráðist í nýbyggingu á fiskþurrkunarhúsi á Reykjanestá þar sem Háteigur hefur verkað/þurkað fiskhousa aðallega til sölu á Nígeríumarkað. Hámarksafkastageta verksmiðjunnar sé um 9.000 tonn af blautum fiski/housum á ári. Framleiðsla fyrirtækisins hafi verið 75-85 gámar á ári undanfarin ár sem sé um 1.500-1.700 tonn af þurrum afurðum. Það samsvari framleiðslu úr 7.500-8.500 tonnum af blautu hráefni á ári. Vegna markaðstregðu í Nígeríu hafi framleiðsla Háteigs þó einungis verið 58 gamar á árinu 2016 en heildarútflutningur skreiðar frá landinu er áætlaður 700 gámar það ár.

Að mati samrunaaðila sé markaðurinn sem um ræðir vera kaup og sala á fiskhousum og annars afskurðar. Áhrif á erlendan markað sé eingöngu um að ræða sölu á skreið. Landfræðilegur markaður málsins sé Ísland.

Hvað varðar mat á aðgengi að afskurði frá öðrum fiskvinnslum er tekið fram að allir þeir sem stundi bolffiskvinnslu þurfa að losna við afskurð, þ.m.t. housa og beingarða (auk annars). Hráefni frá Skinney-Þinganes til skreiðarframleiðslu hafi verið óverulegt fram til þessa og fari það til eigin vinnslu í verksmiðjunni á Reykjanestá þá hafi það sáralítið áhrif á markaðinn í heild sinni. Þá sé einnig talið að þeir útgerðarmenn/fiskverkendur sem áður



hafi selt Háteigi hráefni (og geri enn) hafi næga möguleika til að afsetja hráefni sitt til annarra þurrkverksmiðja, að því marki ef Háteigur geti ekki sinnt þeim áfram sem verði þó reynt af fremsta megni. Sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila eftir heildarúthlutuðum þorskígildum fiskveiðiársins 2016/2017 sé undir 10% sem gefi vísbendingu um mögulegt framboð sem þau félög gætu nýtt sem hráefni til skreiðarvinnslu. Það þýðir að aðrir aðilar sem veiðiheimildir hafa við Íslandsstrendur ráði samanlaga yfir meira en 90% aflaheimilda í botnfiski sem aðrir vinnsluaðilar gætu átt möguleika á að nýta til skreiðarvinnslu.

Með vísan til framangreind telji samrunaaðilar að fyrirhugaður samruni hafi engin neikvæð áhrif á samkeppni á skilgreindum mörkuðum þessa máls né að hann leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til í skilningi samkeppnisréttar.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samkeppniseftirlitið er í meginatriðum sammála samrunaaðilum um skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum þessa máls.

Skinney-Þinganes og Nesfiskur stunda veiðar og vinnslu á bolfiski og nýta eða selja óverulegan hluta aflans til skreiðarvinnslu. Háteigur stundar ekki útgerð en kaupir hráefni frá útgerðarfélögum og fiskvinnslum og sérhæfir sig í þurrkun á þorskhausum aðallega til sölu á Nígeríumarkað.

Samkeppniseftirlitið getur ekki séð út frá gögnum málsins að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

IV. Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna kaupa Skinneyjar-Þinganess hf. og Nesfisks ehf. á öllu hlutafé í Háteigi Fiskverkun ehf.“



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson